

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingar sem hér segir:

Skarhólabraut 30 – 415 Os.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á byggingarreit til vesturs ásamt því sem hönnun þakgerða er gefin frjáls. Óveruleg breyting. Gildandi skipulag var staðfest 20. febrúar 2019. Annað í skipulagi er óbreytt.

Bjargslundur 6-8 – 317 Íb.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér aukna byggingarheimild til þess að nýta sökkulrými. Heildarstærð á hvoru parhúsi fyrir sig verður 420 m² í stað 360 m². Óveruleg breyting. Gildandi skipulag var staðfest 14. febrúar 2019. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 11. mars 2021,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2021